



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

báðir, hvor, hvorugur

***Óákveðin fornöfn með tvenndarmerkingu í íslensku
og samanburður við þýsku***

Ritgerð til BA-prófs í íslensku sem öðru máli

Johannes Müllerlei

Máí 2014

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslenska sem annað mál

báðir, hvor, hvorugur

*Óákveðin fornöfn með tvenndarmerkingu í íslensku
og samanburður við þýsku*

Ritgerð til BA-prófs í íslensku sem öðru máli

Johannes Müllerlei

Kt.: 080786-4259

Leiðbeinandi: Margrét Jónsdóttir

Máí 2014

ÁGRIP

Þessi ritgerð er lokaverkefni til BA-prófs í íslensku sem öðru máli við Hugvísindasvið Háskóla Íslands á vormisseri 2014.

Ritgerðinni er ætlað að vera framlag til skilnings erlendra nema á íslensku fornöfnunum með tvenndarmerkingu. Í henni er lögð megináhersla á óákveðnu fornöfnin *báðir*, *hvor* og *hvorugur*. Í fyrstu er gefið almennt yfirlit yfir óákveðin fornöfn og fjallað í stuttu máli um notkun þeirra. Um téð fornöfn þrjú með tvenndarmerkingu er nánar fjallað, en lýst er rækilega beygingu þeirra og notkun. Það er einnig veitt innsýn í þá möguleika sem þýska hefur til þess að tjá þetta fyrirbæri enda tvítöluleifarnar mun minni þar og fleirtölumyndir notaðar í staðinn.

EFNISYFIRLIT

1. kafli	Tilgangur og markmið	3
1.0	<i>Inngangur</i>	3
2. kafli	Óákveðin fornöfn: Yfirlit	4
2.0	<i>Inngangur</i>	4
2.1	<i>Yfirlit yfir óákveðin fornöfn í íslensku</i>	4
2.2	<i>Helstu einkenni</i>	5
2.3	<i>einhver – nokkur – sumir</i>	6
2.4	<i>allir – hver – sérhver</i>	9
2.5	<i>enginn</i>	11
2.6	<i>Samantekt</i>	12
3. kafli	Óákveðin fornöfn um tvenndir	14
3.0	<i>Inngangur</i>	14
3.1	<i>báðir</i>	14
3.1.1	Beyging	14
3.1.2	Notkun og staða	14
3.1.3	Samanburður við þýsku	16
3.2	<i>hvor</i>	18
3.2.1	Beyging	18
3.2.2	Notkun	19
3.2.2.1	Innskot: <i>hvor um sig</i>	20
3.2.3	Samanburður við þýsku	21
3.2.3.1	Innskot: Munur á notkun <i>hvor</i> sem óákveðins fornafns og spurnarfornafns	23
3.3	<i>hvor tveggja</i>	24
3.3.1	Beyging	24
3.3.2	Notkun	25
3.3.3	Samanburður við þýsku	27
3.4	<i>Merkingarmunurinn á hvor, hvor tveggja og báðir</i>	28
3.5	<i>hvorugur</i>	30
3.5.1	Beyging	30
3.5.2	Notkun	31
3.5.3	Samanburður við þýsku	32
4. kafli	Samantekt	33

1. KAFLI

TILGANGUR OG MARKMIÐ

1.0 Inngangur

Íslensk tunga hefur að mörgu leyti sérstaka stöðu innan germanskra mála. Beygingarkerfið telst vera eitt hið íhaldssamasta og sú málhreinsunarstefna sem er rekin er af einstæðu umfangi, svo eitthvað sé nefnt. Eitt merkilegt atriði í málinu er tvenndarmerkingin sem er leif tvítölumerkingar sem eru tiltölulega lifandi í nútímaíslensku, nefnilega í óákveðnum fornöfnum. Þar að auki var gerður greinarmunur á tvítölu og fleirtölu í persónufornöfnum 1. og 2. persónu að minnsta kosti fram að 16. öld. Þá breyttist merking þannig að gamla tvítalan (*við* og *þið*) varð að fleirtölu, en gamla fleirtalan (*vér* og *þér*) var notuð minna og minna. Hún varðveittist einungis í hátíðlegu eða formlegu máli og í *Bibliunni*, en er annars horfin úr daglegu máli¹. Um þetta er ítarlega fjallað í bók Helga Guðmundssonar (1972:24). En það að hafa varðveitt frekar miklar leifar af tvítölu greinir íslensku frá langflestum skyldum tungumálum og að nokkru leyti líka frá mörgum indóevrópskum málum nútímans.

Ritgerðinni er skipt í tvo hluta. Byrjað er á almennu yfirliti yfir óákveðin fornöfn í íslensku. Í þá verður þeim lýst í stuttu máli. Svo fylgir meginhlutinn sem lýsir nánar fornöfnunum *báðir*, *hvor* og *hvorugur* sem fjalla um tvenndir. Sérstakt tillit er tekið til þýsku og möguleika hennar til að tjá tvenndina.

Í þessari ritgerð notaði ég auk kennslugagna mikið efni úr *Íslenska fyrir útlendinga. Kennslubók í málfræði* eftir Ástu Svavarsdóttur og Margréti Jónsdóttur sem og *Um fornöfn og ýmsa staðgengla. Kennslukver fyrir útlendinga. Handrit* eftir Margréti Jónsdóttur. Ekki verður vitnað sérstaklega í þessi rit nema sérstök ástæða þyki. Lagt var af stað með það markmið að leiðarljósi að leita skýringa við öllum þeim spurningum sem vöknúðu og svara þeim. Það var þó ekki alltaf hægt enda þótt fullur vilji hafi verið fyrir hendi.

¹ <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=2067>

2. KAFLI

ÓÁKVEÐIN FORNÖFN: YFIRLIT

2.0 Inngangur

Í eftirfylgjandi kafla er yfirlit yfir óákveðin fornöfn í íslensku. Enda þótt í ritgerðinni sé aðeins fjallað um þrjú fornöfn með tvenndarmerkingu, *báðir*, *hvor* og *hvorugur*, ætla ég að lýsa fyrst fornöfnunum *allir/hver/sérhver*, *einhver/nokkur/sumir* og *enginn* sem eru að nokkru leyti merkingarlegar samsvaranir þeirra meðal óákveðnu fornafna um fleiri en tvo.²

2.1 Yfirlit yfir óákveðin fornöfn í íslensku

Í upphafi vil ég benda á að þar sem þetta er einungis stutt yfirlit og það er alls ekki reynt að útskýra rækilega öll þau málfræðileg atriði sem vísað er til. Sleppt er fornöfnunum með deilimerkingu (t.d. *annar hver*, *annar hvor*) og gagnverkandi merkingu (*hver annar*, *hvor annar*).

Í eftirfarandi töflu, *Töflu 1*, má sjá yfirlit yfir fornöfnin. Taflan er að langmestu leyti byggð á töflu frá Margréti Jónsdóttur (1990:155).³

FORNÖFN UM TVO/FORNÖFN UM ÞRJÁ +

	HEILD	HLUTI	NEITUN
>2:	<i>allir</i>	<i>sumir, ýmis</i>	<i>enginn</i>
	<i>hver</i>	<i>nokkrir, fáeinir</i>	
	<i>sérhver</i>	<i>einn/hinn</i>	
		<i>annar(/)hver</i>	
		<i>sérhver</i>	
2:	<i>báðir</i>	<i>annar/hinn</i>	<i>hvorugur</i>
	<i>hvor tveggja</i>	<i>annar (/)hvor</i>	

² Það skal tekið fram að ég nota hér fleirtölumyndirnar *allir* og *sumir*. Í því sem hér verður rætt er það eins hvorugkyn eintölu sem skiptir máli.

Tekið skal fram að í dæmunum er karlkyn alltaf notað enda er það hjá langflestum hið ómarkaða kyn fornafna. Eintala er líka tekin fram yfir fleirtöluna, sbr. Eiríkur Rögnvaldsson (1990:63)

³ Margrét nefnir í grein sinni að taflan sé að miklu leyti byggð á gögnum frá Aðalsteini Eyþórssyni (1986). Sjá líka hann.

1:	<i>einn/einhver</i>	<i>einn/einhver</i>	<i>enginn</i>
	<i>nokkur</i>	<i>nokkur</i>	<i>ekki neinn, ekki nokkur</i>

Tafla 1: Yfirlit yfir óákveðin fornöfn í íslensku

Eins og sjá má þá fela orðin í sér merkingarlega afmörkun: Það þýðir að í merkingunni er fólgin afmörkun á fjölda, allt frá öllum til einskis, sbr. *allir* og *enginn*. Að auki kemur innri flokkun þar sem nákvæm tala kemur við sögu.

2.2 *Helstu einkenni*

Óákveðin fornöfn sem hópur bera með sér nokkur málfræðileg einkenni sem greina þau frá öðrum orðflokkum. Þessi einkenni eru beygingarleg, merkingarleg og setningarleg. Í því sem hér kemur á eftir í *Töflu 2* er að langmestu leyti miðað við það sem fram kemur hjá Höskuldi Þráinssyni (2005:83). Jafnframt er getið nokkurra undantekninga frá meginreglunni.

Óákveðin fornöfn beygjast í kyni, tölu og falli.

- *báðir* og *fáeinir* aðeins í flt. v/merkingar

Mörg eru kvantaráttar:⁴

- *allir*; *hver annar* er ekki kvantari.

Erfitt getur verið að afmarka óákveðin fornöfn, erfiðara en önnur fornöfn

- Af hverju er *fáeinir* fn. en *margur/margir* ekki?
 - *margur* stigbreytist en *fáeinir* ekki.

Flest óákveðin fornöfn geta verið hliðstæð eða sérstæð.

- *hver annar* er aldrei hliðstætt

Hliðstæð óákveðin fornöfn eru oftast fremst í runu:

- *Öll þessi stóru og fallegu tré. Bæði þessi stóru og fallegu tré.*

Óákveðin fornöfn er mörg sérstæð og taka með sér eignarfallseinkunn eða forsetningarlið:

- *sumir strákanna* *sumir af strákunum*

⁴ Orðið *kvantari* er þýðing á enska orðinu *quantifier*. Það hefur líka verið þýtt með karlkynsorðinu *hæfir*, sbr. Höskuld Þráinsson (2005:83), og *magnorð* (bls. 338).

Sum óákveðin fornöfn hafa mismunandi form í hvorugkyni eintölu eftir því hvort þau eru sérstæð eða hliðstæð:

- *einhver*: hvk.et.nf./þf.:*eitthvert* – *eitthvað* - 2 form

Sum óákveðin fornöfn hafa ólíka merkingu eftir því hvernig þau eru notuð:

ekki nokkur: *nokkuð* *nokkrir*

Tafla 2: Helstu einkenni óákveðinna fornafna í íslensku

Orðaröðin er sveigjanleg að því marki að óákveðna fornafnið er annaðhvort fremst í runu og þá á undan öðru fornafni, töluorði og lýsingarorði eða það kemur strax á eftir sögninni. Þetta er sýnt í eftirfarandi dæmum:⁵

- **Allar** þessar sex hraustu stelpur æfa sund.
 - óákv.fn., ábfm., to., lo.
- Þessar sex hraustu stelpur æfa **allar** sund.
 - ábfm., to., lo. SÖGN, óákv.fn.
- **Báðir** þessir duglegu menn snéru við.
 - óákv.fn., ábfm., to., lo.
- Þessir duglegu menn snéru **báðir** við.
 - ábfm., to., lo. SÖGN, óákv.fn.

Tafla 3: Um orðaröð

Nánar verður fjallað um orðaröðina í sambandi við fornöfnin sjálf í köflunum sem fylgja.

2.3 *einhver* – *nokkur* – *sumir*

Fornafnið *einhver* er yfirleitt notað um einhvern ótiltekinn, getur verið 'hver sem er', og táknar eitthvað óákveðið eða ókunnugt.

Sem sérstætt fornafn er notkun á *einhver* svipuð þeirri og í skyldum málum, t.d. e. *somebody*, þ. *jemand*, s. *någon*. Það táknar ótiltekinn hlut eða persónu. Gott er að athuga að í íslensku er sérstæða fornafnið líka til í fleirtölu, eins og í sænsku eða dönsku en ólíkt þýsku eða ensku. Fjöldinn skiptir hins vegar engu máli í *einhver*.

⁵ Hér má líka geta þess að Friðrik Magnússon (1984) skrifaði um orðaröð í nafnliðum.

Nokkur í eintölu er einkum notað í spurnarsetningum og neituðum setningum. Þá er frekar búist við neikvæðu svari. Á hinn bóginn er búist við jákvæðu svari þegar *einhver* er notað. Það þarf þó ekki svo að vera.

- (1) a. Sástu *einhvern* (*mann*)? Já. / Nei.
- b. Sástu *nokkurn* (*mann*)? Jú. / Nei.

Í fleirtölu táknar *nokkur*, þ.e. *nokkrir*, óákveðinn fjölda frekar en óákveðinn hlut eða persónu. Hér er *nokkrir* svokallaður *kvantari* og líkist töluorði enda þótt talan sé óákveðin og ekki há. Á hinn bóginn vísar *einhver* ekki til fjölda heldur til einhvers konar óákveðni:

- (2) a. Hann horfði á *einhverjar* bíómyndir. (Ég veit eða man ekki hvaða myndir þetta voru.)
- b. Hann horfði á *nokkrar* bíómyndir. (Ég veit eða man ekki hvað þær voru margar.)

Notkunin á *nokkur* í fullyrðingarsetningum getur verið afar ólík notkuninni á *einhver*. Þá er *nokkur* í eintölu og kemur á eftir nafnorðinu sem það stendur með. Það er notað ef talað er um einhvern sem sá sem talar vill ekki gefa nánari upplýsingar um þótt hann viti þær.

- (3) a. Ég sá *einhvern* mann á götu í gær. (Ég veit ekki hver hann var.)
- b. Ég sá mann *nokkurn* á götu í gær. (Ég vil ekki segja hver hann var.)

Standi fornafníð á undan þá verður að fylgja því neitandi fornafn og merkingin breytist:⁶

- (4) Ég sá *ekki nokkurn* mann á götu í gær.

Nánar verður fjallað um *ekki nokkur* og önnur neitandi orð í 2.5.

⁶ Hér fær *nokkur* neitandi merkingu með *ekki*. Í 2.5 hefst svo frekari umræða um neikvæð óákveðin fornafn sem teljast til *neikvæðisorða* en það eru orð sem aðeins koma fyrir í neitandi samhengi, sbr. Jóhannes Gísla Jónsson (2005:446).

Sumir getur verið sérstætt en ef svo er þá oft í eintölu hvorugkyns, þ.e. *sumt*. Oftast stendur *sumir* með nafnorði og ákveðnum greini, annaðhvort í sama falli og tölu og sjálft nafnorðið eða í eignarfalli fleirtölu. Það er því helst notað þegar um hluta einhvers hóps er að ræða sem áður í samtali hefur verið nefndur.

- (5) a. Ég hitti *nokkra* menn í gær. Ég þekkti *suma* (mennina/mannanna).
b. *Sumt* fólk er gestrisið.
c. *Sumir* (*menn*) segja að þessi tegund sé vond.

Íslenskan skilgreinir fornöfnin *einhver*, *nokkur* og *sumir* betur en hin germönsku, einkum norrænu, málin. Þetta má álykta af samanburði á fornafnaköflunum í *Danish – A Comprehensive Grammar*, sbr. Allan, Holmes Lundskær-Nielsen (1995), *Swedish – A Comprehensive Grammar*, sbr. Holmes og Hinchliffe (1994) og *Isländische Grammatik*, sbr. Kress (1982). Þó er þetta ekki ósvipað í færeysku, sjá *onkur*, *nakur* og *summur*; en munurinn er ekki eins skýr. Það má ráða af bók Höskuldar Þráinssonar (o.fl.) (2012:127o.á.). Í sænsku hins vegar er *någon* aðallega notað, það er orðsifjalega sama orð og *nokkur*, og að *nokkru* leyti *somliga* (aðallega haft í fleirtölu) en það er orðsifjalega sama orð og *sumur*. Notkun á *envar* í merkingu *sérhver* tíðkast ekki mikið í nútímasænsku. Þetta má sjá í *Svenska Akademiens Ordbok*.⁷

Einhver getur tekið með sér bæði eignarfallseinkunn og forsetningarlið. Þetta á einnig við um *nokkrir* og *sumir*. Hér má hafa í huga að *einhver* geta verið í eintölu eða fleirtölu en *sumir* einungis í fleirtölu. Vissulega er hægt að nota *nokkur* í eintölu og fleirtölu en merkingarsviðin eru ólík.

- (6) a. *Einhver/Einhverjir* stúdentanna hljóta að hafa gert þetta.
b. *Einhver/Einhverjir þeirra* hljóta að hafa gert þetta.
c. *Einhver/Einhverjir af þeim* hljóta að hafa gert þetta.
d. Var *nokkur af* mönnunum heima?
e. Voru *nokkrir þeirra* heima?
f. *Sumir* nemendanna fara í próf í janúar.
g. *Sumir þeirra* fara í próf í janúar.
h. *Sumir af þeim* fara í próf í janúar.
i. **Sumur* nemendanna fer í próf í janúar.

⁷ Vefútgáfa bókarinnar er á slóðinni <http://g3.spraakdata.gu.se/saob/>

2.4 *allir – hver – sérhver*

Allir hefur það mjög svipaða merkingu og *hver*.⁸ Það stendur þá hliðstætt og ýmist með eða án greinis. Í hvorugkyni eintölu og í fleirtölu stendur *allir* þó frekar sérstætt.

- (7) a. Hann svaf *allan* daginn. (heila daginn)
- b. *Allir* vinirnir mættu í veisluna. (sérhver vinur)
- c. Það mættu *allir* í veisluna og drukku *allt* sem var í boði.

Það má athuga að *allir* í hliðstæðri notkun getur líka staðið eftir nafnorðinu eða persónufornafni sem það vísar til.

- (8) a. Vinirnir mættu *allir* í veisluna.
- b. Þeir mættu *allir* í veisluna.

Hins vegar þykir ótækt að hafa nafnorð eða persónufornafn sem eignarfallseinkunn nema *allir* sé sjálft í eignarfalli:

- (9) a. *Allir vinanna mættu.
- b. *Allir þeirra mættu.
- c. Hún er fegurst *allra* kvenna.
- d. Hún er fegurst *allra* þeirra.

Stundum er hægt er að hafa *allir* sem hluta af forsetningaliði með *af*, sbr. a. í (10), enda þótt sumum þyki það ljótt. En ekki finnast mörg dæmi um notkun þess á undan forsetningarlið sem það sjálft er ekki hluti af enda er notkunin í meira lagi vafasöm eins og sjá má í b.-dæminu.

- (10) a. Hún er fegurst *af öllum* konum.
- b. ??Brottför skipsins fagnað af mörgum, en mannsins syrgð af *öllum af þeim* sem þekktu til þeirra beggja.⁹

⁸ Í eintölu hefur *allur* sömu merkingu og *heill*. Oftast er það þá hliðstætt og stendur nafnorðið með ákveðnum greini. Réttast væri að greina það þá sem lýsingarorð.

⁹ <http://fragtskip.123.is/blog/2012/04/27/611062/>

Eins og nefnt var áður hefur *hver* sömu merkingu og *allir*, en *hver* vísar frekar til einstaklings en til heildar. Langoftast er *hver* notað hliðstætt. Samt sem áður virðast vera hömlur á notkun *hver* fremst í setningu sem erfitt er að skýra. Þannig gengur dæmi a. ekki; eignarforbafn gerir setninguna þó heldur skárra. Dæmi c. er hins vegar í lagi:

- (11) a. **Hver* vinur mætti í veisluna.
b. ?? *Hver* vinur minn mætti í veisluna.
c. *Hver* áskrifandi blaðsins á möguleika á verðlaunum.

Þessi notkun samsvarar líka þeirri í skyldum tungumálum eins og í færeysku *hvør* og í sænsku *var* eða *varje*.

Í næsta dæmi er *hver* á sínum stað í a. Það er líka hægt að færa það út fyrir nafnliðinn, næst aftur fyrir sögnina eða aftast í setninguna. Þegar þannig er háttáð verður nafnorðið að vera í fleirtölu og með greini enda þótt *hver* sé áfram í eintölu:

- (12) a. *Hver* maður fær sérstakt númer.
b. *Mennirnir* fá *hver* sérstakt númer.
c. *Mennirnir* fá sérstakt númer *hver*.

Orðið *sérhver* er mjög svipað *hver* bæði að því er varðar notkun og merkingu. En með *sérhver* er hins vegar lögð enn meiri áhersla á einstaklinginn heldur en heildina en með *hver*. Samheiti eru *hver einasti* og *hver og einn*. *Sérhver* virðist ekki eiga sér neinar lifandi orðsifjalegar samsvaranir í skyldum tungumálum. Sænskan notar hér *var och en*, færeyskan notar *hvør ein*; sjá um færeysku hjá Young og Clewer (1985).

Þessi þrjú fornöfn – *allir*, *hver* og *sérhver* – skera sig í raun og veru ekki mjög mikið úr frá þeim samsvarandi í skyldum tungumálum að því er notkun varðar. Merkilegur munur er að í íslensku eru þau öll notuð þegar um fjölda af fleiri en tvo er að ræða en í hinum germönskum málunum þegar um tvo eða fleiri er að ræða. Það þýðir að óákveðin fornöfn nota fleirtölu í íslensku yfir >2 , þ.e. þrjá eða meira, en í öðrum málum fyrir ≥ 2 , þ.e. tvo eða meira. Eina undantekningin er *báðir* sem samsvarar *allir* (vegna heildarmerkingarinnar) og sem varðveittist orðsifjalega í öðrum tungumálum. Lítum aðeins á færeysku sem er líkasta tungumálið íslensku. Orðið *hvør* þýðir bæði *hver* og *hvor*. Dæmin eru frá Höskuldi Þráinssyni (o.fl.) (2012:129):

- (13) a. ísl.: Þeir komu *hver* í sínum bíl.
f.: Teir komu *hver* í sínum bili.
- b. ísl.: Þeir komu *hvor* í sínum bíl.
f.: Teir komu *hver* í sínum bili.

2.5 *enginn*

Í 2.3 var aðeins minnst á neitandi orð, *ekki nokkur*. *Enginn* (sbr. f. *eingin*, s. *ingen*) er neitandi fornafn sem er notað um einn og um fleiri en tvo (en ekki um tvo, sjá 3.5). Það getur staðið sérstætt og hliðstætt, en þá stendur nafnorðið án greinis.

- (14) a. Ég hitti *engan* mann.
b. Ég hitti *engan*.
c. Það vissi *enginn* um slysið.
d. Ég keypti *ekkert* í bænum.

Einnig er hægt að hafa eignarfallseinkunn á eftir *enginn* sem getur ýmist verið fornafn eða nafnorð (í eignarfalli fleirtölu og með greini). Forsetningarliður með *af* á eftir *enginn* er líka hugsanlegur:

- (15) a. *Enginn* strákanna vissi um slysið.
=
b. *Enginn* af strákunum vissi um slysið.
c. *Enginn* þeirra gat hjálpað mér.
=
d. *Enginn* af þeim gat hjálpað mér.

Í dæmunum hér á undan var *enginn* frumlag. Það getur líka verið andlag eins og sjá má í a. og b. í (14), rétt eins og *ekki neinn* og *ekki nokkur*. En það er aldrei notað sem hluti forsetningarliðar. Þá koma *ekki neinn* eða *ekki nokkur* eða aðrar neitanir í staðinn. Þess má þó geta að f. er undantekningin frá því að *enginn* geti ekki verið hluti forsetningarliðar; líta verður á þetta sem fast samband af einhverjum toga.

- (16) a. Ég sá *engan*. (= *ekki neinn/ekki nokkurn*)
b. *Ég talaði við *engan*.

- c. *Ég talaði við/sá *neinn/nokkurn*.
- d. Ég talaði *ekki* við *neinn/ekki nokkurn*.
- e. Ég talaði *aldrei /varla* við *neinn/nokkurn*.
- f. Þetta er til einskis.

Eins og sjá má eru hér ýmsar hömlur á ferðinni. Þess má líka geta að *ekki neinn* og *ekki nokkur* geta ekki verið frumlög. Þess má líka geta, eins og raunar Jóhannes Gísli Jónsson (2005:446) bendir á, búa *aldrei*, *neinn* og *varla* til þau skilyrði sem *neinn* þarfnast.

2.6 Samantekt

Í Töflu 1 voru nefnd fornöfn sem ekki hefur verið fjallað um en hefðu átt heima í þessum hluta. Það eru fornöfnin *ýmis*, þ.e. *ýmsir*, og *fáeinir* sem vísa til hluta og hefði mátt fjalla um. Fornafnið *hver* getur verið spurnarfornafn (með *hvað* í hvorugkyni í staðinn fyrir *hvert*). Merkingin *einn – hinn* og *annar – hver* er sundurgreinandi í hvoru pari fyrir sig. Notkunin á *annar* sem fornafrni er athyglisverð. Þá greinir orðið sig frá *annar* sem getur líka verið raðtala og lýsingarorð. Orðið *einn* er líka merkilegt. Það er ekki aðeins óákveðið fornafrni heldur líka töluorð. Og ekki má gleyma orðinu *maður* sem ósjaldan bregður sér í hlutverk óákveðins fornafrns. Hér verður þó látið staðar numið.

Í viðbót við þau fornöfn sem núna hafa verið nefnd hefur íslenska óákveðin fornöfn sem vísa til tvenndar. Þetta má telja vera sérkenni sem íslenska hefur innan germanskra mála þar sem hin tungumálin vantar yfirleitt þennan fjölda sérstakra fornafrna um slíkt. Í eftirfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir dreifingu þessara fornafrna í nokkrum germönskum málum (Bandstrikið merkir að engin bein samsvörun tvenndarmerkingarinnar liggur fyrir, heldur einungis umorðun með fleirtölu.)¹⁰

íslenska	hver	báðir	hver tveggja	hvorugur	hver annar	annar hvor
færeyska	-	báðir	-	hvørgin	-	-
sænska	-	båda / bågge	båda delar	-	-	-
danska	-	begge	begge dele	-	-	-

¹⁰ Þessi tafla byggist á þeim heimildum um sænsku, dönsku og færeysku sem nefndar voru í 2.3. Enskan byggist á *Online Etymology Dictionary*: <http://www.etymonline.com/index.php>.

enska	either	both	both / either	neither	each other	-
þýska	-	beide	beides	-	-	-

Tafla 4: Óákveðin fornöfn um tvenndir í germönskum málum

Það er áberandi að auk íslensku er það enska sem hefur varðveitt þessa aðgreiningu best. Þetta þykir afar merkilegt enda hefur enska öldum saman verið fyrir miklum erlendum áhrifum og hefur málfræði hennar breyst mun meir en Norðurlandamálanna eða þýsku. Í næsta hluta verður lýst merkingu og notkun óákveðinna fornafna um tvenndir í íslensku með hliðsjón af þýsku sem skyldu tungumáli.

3. KAFLI

ÓÁKVEÐIN FORNÖFN UM TVENNDIR

3.0 Inngangur

Í þessum hluta verður fjallað um fornöfnin *báðir*, *hvor* og *hvorugur*. Sérstök áhersla er lögð á samanburð við þýsku og hvernig þar er farið að í sambærilegum tilfellum.

3.1 *báðir*

3.1.1 Beyging

Fornafnið *báðir* er um eitthvað tvennt. Af því leiðir að ekki eru til neinar eintöluorðmyndir orðsins. Það beygist eins og eftirfylgjandi tafla sýnir:

	KK	KVK	HVK
ft. nf.	<i>báðir</i>	<i>báðar</i>	<i>bæði</i>
þf.	<i>báða</i>	<i>báðar</i>	<i>bæði</i>
þgf.	<i>báðum</i>	<i>báðum</i>	<i>báðum</i>
ef.	<i>beggja</i>	<i>beggja</i>	<i>beggja</i>

Tafla 5: Beyging fornafnsins báðir

3.1.2 Notkun og staða

Helstu einkenni *báðir* eru í eftirfarandi töflu. Í (17) koma svo notkunardæmi.

1. Það er notað þegar um tvennd er að ræða sem hefur verið nefnd áður.
2. Í hliðstæðri notkun stendur nafnorðið því yfirleitt með greini, sbr. a. og b., nema það sem kalla má eðlilegt þar sé um að ræða, sbr. c.
3. Nokkur dæmi eru um undantekningu frá þessari reglu í 2. ef tvenndin er nefnd eða gefin til kynna rétt á undan, sbr. d.
4. Hliðstæða nafnorðið er frekar í nefnifalli en eignarfalli fleirtölu, sbr. e. og f..
5. Af merkingarfræðilegum ástæðum er forsetningarliður útilokaður, g.

6. Merkingarfræðilegar ástæður eru líka orsök þess að sögnin með *báðir* er í fleirtölu.

7. *Báðir* getur staðið hliðstætt.

Tafla 6: Helstu einkenni fornafnsins báðir

- (17) a. *Báðir strákarnir* komu snemma heim.
b. *Bæði börnin* eru heima.
c. Maðurinn heyrir illa á *báðum* eyrum.
d. Við misstum menn af velli með rauð spjöld gegn Dönnum heima og Búlgörum úti, og *báðir* leikir töpuðust.
e. *Báðir mennirnir* voru handteknir.
f. ?Dómurinn telur að *báðir mannanna* eigi jafna og fulla sök á dauða hans.¹¹
g. **Báðir af strákunum* eru heima.

Staða *báðir* innan setningar er býsna sveigjanleg. Það getur verið á undan fornafninu sem það vísar til (eins og í ofangreindum dæmum) eða seinna í setningunni, þó helst strax á eftir sögninni:

- (18) a. Strákarnir komu *báðir* snemma heim.
b. ?Strákarnir komu snemma heim *báðir*.
c. Börnin eru *bæði* heima.
d. *Börnin eru heima *bæði*.

Þennan sveigjanleika á *báðir* sameiginlegt með fornöfnum *allir*, *hvor* og *hver*.

Til þess að forðast endurtekningu getur *báðir* einnig staðið sérstætt:

- (19) a. *Báðir* (=strákarnir) komu snemma heim.
b. *Bæði* (=börnin) eru heima.

Eins og fram hefur komið getur *báðir* tekið eignarfallseinkunn með sér þó að þetta þyki ekki tækt ef *báðir* stendur í nefnifalli, sbr. (17) f. Sé eignarfallseinkunnin nafnorð er staða *báðir* sveigjanleg (dæmi a. og b.). Þetta á samt ekki við ef *báðir*

¹¹ <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/60880/>

stendur með persónufornafni, því aldrei er hægt að hafa eignarfallseinkunn af fornafni á eftir *báðir*:

- (20) a. Hann er vinur *beggja strákanna*.
 b. Hann er vinur *strákanna beggja*.
 c. Hann er vinur *þeirra beggja*.
 d. *Hann er vinur *beggja þeirra*.
 e. **Báðir þeirra* komu snemma heim.

Að lokum á að nefna að *báðir* má líka standa með öðru fornafni, þó einungis á eftir því ef um persónufornafn er að ræða (sbr. dæmi d. á undan). Ábendingarfornöfn standa hinsvegar á eftir *báðir*:

- (21) a. Ég sá þá *báða*.
 b. *Ég sá *báða þá*.
 c. *Báðir þessir* strákar eru duglegir.

Samkvæmt hefðbundinni málfræði er ekki hægt að nota *báðir* með fleirtölunafnorðum. Þess í stað skal nota *hver tveggja*. Um þetta verður nánar rætt í 3.3.2 og 3.4.

3.1.3 Samanburður við þýsku

Yfirleitt má segja að *báðir* í hliðstæðri stöðu samsvari oftast þýska fornafninu *die beiden* (með greini), annars *beide* án greinis. Beygingardæmið í heildinni má sjá hér, sbr. Engel (2004:321), en er ekki rætt um eintölumyndina í þessum kafla:

	Eintala			Fleirtala (enginn kynjamunur)		
	Karlkyn	Kvenkyn	Hvorugkyn	án greinis	með greini	
Nf.	-	-	beides	Nf.	beide	die beiden
Þf.	-	-	beides	Þf.	beide	die beiden
Þgf.	-	-	beidem	Þgf.	beiden	den beiden
Ef.	-	-	-	Ef.	beider	der beiden

Tafla 7: Beyging þýska fornafnsins *beide*

Samanburður leiðir í ljós að mikil notkunarlíkindi eru með *die beiden* og *báðir* sem notað er hliðstætt í íslensku. Dæmin í (22) eru þýðingar á þeim í (17). Athuga má að hvorki er hægt að hafa eignarfallseinkunn á eftir *beide* (nema *beide* sé líka í eignarfalli, sjá (24)) né forsetningarlið með *von* (dæmi f. og g.).

- (22) a. *Die beiden* Jungen kamen früh nach Hause.
b. *Die beiden* Kinder sind zuhause.
c. Der Mann hört auf *beiden* Ohren schlecht.
d. Zuhause gegen die Dänen und auswärts gegen die Bulgaren wurden Männer mit einer roten Karte des Feldes verwiesen und *beide* Spiele wurden verloren.
e. *Die beiden Männer* wurden verhaftet.
f. *Das Gericht befindet, dass *beide der Männer* die gleiche und volle Schuld an seinem Tod hatten.
g. **Beide von den Jungen* sind zuhause.

Í þýsku eins og íslensku er hægt að sleppa nafnorðinu ef ekki fer á milli mála við hvað er átt, ef t.d. var búið að nefna það áður.

- (23) a. *Báðir* komu snemma heim. – *Die beiden* kamen früh nach Hause.
b. *Bæði* eru heima. – *Die beiden* sind zu Hause.

Notkun með eignarfallseinkunn er tæk á sama hátt í þýsku og íslensku (sbr. að ofan) þó að staðan fornafnsins *beide* sé ekki eins sveigjanleg og íslenska orðsins *báðir*. Yfirleitt þykir ekki hægt að hafa *beide* eftir nafnorði (b.), á undan persónufornafni (d.) og í máli flestra heldur ekki eftir persónufornafni (nema um eins konar ofvöndun sé að ræða, dæmi c.). Algengt er að forðast eignarfallið en það er hægt með að nota forsetningarlið með *von* (= af) í staðinn. Þetta virðist vera algengast ef ekki fylgir ákveðinn greinir (c.), en einkar vafasamt á undan ákveðna greininum (a.) þó mörg dæmi séu um það í óvönduðu talmáli.

- (24) a. Hann er vinur *beggja stráka*. – Er ist der Freund *der beiden Jungen*. / Er ist der Freund *beider Jungen*.¹² / ?Er ist der Freund *von den beiden Jungen*.
- b. Hann er vinur *stráka beggja*. – *Er ist der Freund *der Jungen beider*.
- c. Hann er vinur *þeirra beggja*. – Er ist der Freund *der beiden*. / Er ist der Freund *beider*. / ?Er ist der Freund *ihrer beider*. / Er ist der Freund *von ihnen beiden*.
- d. *Hann er vinur *beggja þeirra*. – *Er ist der Freund *beider ihrer*.

Enginn munur er á notkun *báðir* og *beide* með persónufornafni. Staðan á eftir fornafninu er ótæk bæði í íslensku og þýsku:

- (25) a. Ég sá *þá báða*. – Ich sah *sie beide*.
- b. *Ég sá *báða þá*. – *Ich sah *beide sie*.

Samanburður á notkun orðanna *báðir* og *beide* leiðir í ljós að notkunin er mjög svipuð í báðum tungumálunum. Aðalmunurinn er í orðaröð. En eins og í ljós kemur í eftirfylgjandi köflunum hefur þýska *beide* aðeins víðari merkingu en hin orðsifjalega íslenska samsvörun *báðir*.

3.2 *hvor*

3.2.1 Beyging

Hvor sem bæði getur verið spurnarfornafn (sjá 3.2.3.1) og óákveðið fornafn beygist alltaf eins. Beygingin er þessi:

	KK	KVK	HVK
et. nf.	hvor	hvor	hvort
þf.	hvorn	hvora	hvort
þgf.	hvorum	hvorri	hvoru
ef.	hvors	hvorrar	hvors
ft. nf.	hvorir	hvorar	hvor

¹² Munurinn er lítill en seinni setning samsvarar að mínu mati nákvæmri þýðingu á *hvor tveggja* en *báðir*

þf. hvora hvorar hvor

þgf. hvorum hvorum hvorum

ef. hvorra hvorra hvorra

Tafla 8: Beyging fornafnsins hvor

Enginn munur er á beygingu *hvor* hvort sem það er spurnarfornafn eða óákveðið fornafn. Þetta er ólíkt skylda fornafninu *hver* sem gerir greinarmun á hvorugkyn eintölu, nefnifalli/polfalli, eftir því hvort um óákveðið fornafn eða spurnarfornafn er að ræða. Í *hvor* kemur aldrei fram *j* í beygingunni eins og í *hver*.

3.2.2 Notkun

Notkun *hvor* er ekki ósvipuð *hver*. Það er oftast notað hliðstætt með nafnorði í eintölu, nema um fleirtölunafnorð sé að ræða. Sérstæð notkun er sjaldgæf og kemur aðeins fyrir þegar tvenndin sem talað er um er í beinu framhaldi af umræðuefninu. Dæmi:

- (26) a. *Hvor* bróðirinn / bróðir hefur ákveðin sérkenni.
b. Sigga og Dísu fengu báðar sinn hlut. *Hvor* fékk bíl.

Svo er líka hægt að hafa eignarfallseinkunn á eftir *hvor*. Sum dæmi eru þó betri en önnur. Það á greinilega við um a. sem er betra en b. Í dæmum c. og d. er það fornafnið sem er í eignarfalli. Hins vegar er d. dæmið vafasamt í meira lagi enda líkist setningin meira spurnarsetningu og *hvor* því spurnarfornafni. Dæmi:

- (27) a. *Hvor* *systranna* hefur ákveðin sérkenni.
b. Hann talaði við *hvora* *stelpnanna*.
c. *Hvor* *þeirra* hefur ákveðin sérkenni.
d. ??*Hvor* *ykkar* þarf hjálp!

Svo virðist sem *af*-forsetningarliður sé vart mögulegur. Með *báðir* var hann hins vegar útilokaður:

- (28) ??*Hvor* *af* *strákunum* á tvo bolta.

Staða *hvor* innan setningar er tiltölulega sveigjanleg, þó að staða alveg fremst í setningunni geti reyndar verið skilin sem spurnarforafn (sjá 3.2.3.1). Fornafnið getur annaðhvort staðið rétt á undan nafnorðinu (eins og sýnt var að ofan) eða verið fært til loka setningarinnar. Nafnorðið þarf þá þó að vera í fleirtölu og með greini, en *hvor* heldur áfram að vera í eintölu (þó ekki með fleirtölunafnorðum). Athuga má að þetta á bara við þegar nafnorðið sem *hvor* vísar til er frumlag setningarinnar. Dæmi:

- (29) a. Skipin mega stunda veiðar í 250 daga á ári *hvort*.
=
b. *Hvort skip* má stunda veiðar í 250 daga á ári.
c. *Hvor* strákurinn fékk leikfangabíl.
=
d. Strákarnir fengu *hvor* leikfangabíl.
=
e. Strákarnir fengu leikfangabíl *hvor*.

3.2.2.1 Innskot: *hvor um sig*

Sambandið *hvor um sig* hefur svipaða merkingu og *hvor* en leggur meiri áherslu á sundurgreiningu. Það er því skylt merkingu *sérhver*. Það getur staðið hliðstætt eða sérstætt og er staðan innan setningar sveigjanleg. Tala sagnarinnar fer þá eftir tölu nafnorðsins:

- (30) a. *Hvort* systkinið *um sig* fékk stórfé.
=
b. Systkinin fengu stórfé *hvort um sig*.
=
c. Systkinin fengu *hvort um sig* stórfé.
d. Skipin mega *hvort um sig* stunda veiðar í 250 daga á ári. (sbr. (29) a. og b.)

Einnig er hægt að hafa eignarfallseinkunn með *hvor um sig*, þó ekki ef hún er forafn.

- (31) a. *Hvor* systranna *um sig* hefur ákveðin sérkenni.
b. **Hvor* þeirra *um sig* hefur ákveðin sérkenni.

3.2.3 Samanburður við þýsku

Í þýsku vantar beina samsvörun við fornafnið *hvor*. Lítum á dæmi a. í (26): Þýska notar annaðhvort fornafnið *jeder*, sem er bein samsvörun af *hver* og forðast því tvenndarmerkingu, eða *beide* sem er bein þýðing af *báðir*. Nákvæmasta þýðingin er *jeder von beiden*, sem getur hins vegar hljómað eins og mál sem hefur verið vandað um of. Einnig kemur atviksorðið *je* (eða *jeweils*) við sögu sem skilgreinir nánar dreifingu meðal aðilanna tveggja. Fyrri setninguna væri eðlilegast að þýða með *báðir bræðurnir* frekar en *hvor bróðirinn*. Í seinni setningunni er lögð sérstök áhersla á einstaklinginn og samsvarar hún *hvor bræðranna*.

- (32) a. *Hvor* bróðirinn / bróðir hefur ákveðin sérkenni.
b. *Beide* Brüder *haben* bestimmte Eigenarten.
c. *Jeder der beiden* Brüder *hat* bestimmte Eigenarten.

Setning b. í (26) er athyglisverð.

- (33) a. Sigga og Dísu fengu báðar sinn hlut. *Hvor* fékk bíl.
b. Sigga und Dísu erhielten beide ihren Anteil. *Beide* bekamen ein Auto.

Ég tel þessa setningu vera þá algengustu þó að það verði að viðurkenna að hana *megi* líka túlka þannig að um tvær manneskjur og einn bíl sé að ræða. Ef upp kemur einhver vafi er hægt að notast við eina af eftirfarandi setningunum.

- (34) Sigga und Dísu erhielten beide ihren Anteil. *Jede* bekam ein Auto.

Hér er tvenndarmerkingunni alveg sleppt sem breytir setningu ekki þar sem beint á undan er talað um stelpurnar tvær. Næsta setning er málfræðilega tæk setning sem leggur áherslu á nákvæmu dreifingu hlutanna:

- (35) Sigga und Dísu erhielten beide ihren Anteil. *Beide* bekamen *je / jeweils* ein Auto.

Þetta þýðir að Sigga fékk *einn* bíl og Díska fékk *einn* bíl. Svona er þetta ekki orðað nema þessi nákvæma dreifing sé til staðar. Lítum á þýðingu á dæmi (27) d. úr kafla 3.2.2 sem þó er varla tæk setning: ??*Hvor ykkar þarf hjálp!* Hér þarf að breyta orðaröðinni. Þar sem um beint ávarp er að ræða þykir eðlilegast að hafa persónufornafnið í nefnifalli og fremst í setningunni, og óákveðna fornafnið í fleirtölu (dæmi a.). Bein þýðing virðist vera vafasöm, þó ekki alveg útilokuð (b.). Ekki er hægt að hafa *beide* með eignarfallseinkunn (c.):

- (36) a. *Ihr braucht beide Hilfe!*
b. *?Jeder von euch beiden braucht Hilfe!*
c. **Beide von euch brauchen Hilfe!*

Auðvelt er að þýða setningar a. og b. í (29) úr áðurnefnda kaflanum. Dæmi a. er ótvírætt og tækt vegna atviksorðsins *je* sem getur þýtt (*hvor*) *um sig* (sbr. (30) d.). Setning b. er líka í lagi og tæk en að mínu mati heldur stíð:

- (37) a. *Beide Schiffe dürfen je 250 Tage pro Jahr fischen.*
=
b. *Jedes der beiden Schiffe darf 250 Tage pro Jahr fischen.*

Erfitt er hins vegar að koma *hvor um sig* nákvæmlega til skila í þýsku þar sem flestir möguleikar eru notaðir til þess að greina *hvor* frá *hver*. Berum saman dæmi (27) a. og (31) a.: Þýðingin b. í (38) gengur fyrir bæði dæmin að sömu leyti. Nánari skilgreining t.d. með *jeweils* (c.) eða *für sich* (e.) getur hljómað heldur hátíðlega. Notkun eignarfornafns með andlaginu (d.) virðist vera sniðugasta lausnin til að greina *hvor um sig* frá *hvor*:

- (38) a. *Hvor systuranna hefur ákveðin sérkenni.*
b. *Jede der beiden Schwestern hat bestimmte Eigenschaften.*
=
c. *?Jede der beiden Schwestern hat jeweils bestimmte Eigenschaften.*
=
d. *Jede der beiden Schwestern hat ihre bestimmten Eigenschaften.*

=

- e. *?Jede der beiden Schwestern für sich hat bestimmte Eigenschaften.*

3.2.3.1 Innskot: Munur á notkun *hvor* sem óákveðins fornafns og spurnarfornafns
Eins og áðan var nefnt getur *hvor* einnig verið spurnarfornafn og er það þá notað ýmist sérstætt eða hliðstætt. Með *hvor* er spurt um einn aðila úr hóp af tveimur. Dæmi:

- (39) a. *Hvorn bílinn ætlarðu að kaupa?* (við vitum að það eru tveir bílar í boði)
b. *Hvor ykkar er eldri?* (við tölum við tvær manneskjur)
c. *Hvort viltu kaffi eða te?* (tvennt er í boði)

Spurnarfornafnið stendur í upphafi setningarinnar og er ekki eins sveigjanlegt og óákveðna fornafnið.

Í þýsku er hér í raun og veru enginn munur sem tölu varðar. Yfirleitt þykir óþarfi að skilgreina nákvæmlega hvort um tvo eða fleiri hluti er að ræða:

- (40) *Welches Auto möchtest du kaufen?*

Hér ræður bara samhengið hvort um tvo eða fleiri bíla er að ræða. Samt er auðvitað alveg hægt að tilgreina ef það þykir nauðsynlegt, út af hverju sem er:

- (41) *Welches der beiden Autos möchtest du kaufen? -> Hvorn bílinn ætlarðu að kaupa?*

Lítum á setninguna góðu *Hvort viltu kaffi eða te?* Eins og sjá má er hægt að sleppa fornafni ef svo ber undir. Samt fer merkingin í a. alls ekki á milli mála: (Hvort) viltu kaffi eða te? Í b. er komið fornafn og málfræðilega rétt þýðing en setningin þó alls ekki alveg dæmigerð. Í c. er mjög nákvæm þýðing (af því að tvenndin er tjáð), málfræðilega rétt en samt afskaplega óalgeng, þar sem tvenndarinnar er hvort eð er getið í sömu setningu.

- (42) a. *Möchtest du Kaffee oder Tee?*
b. *Was möchtest du, Kaffee oder Tee?*
c. *(?)Was von beiden möchtest du, Kaffee oder Tee?*

Langeðlilegasta þýðingin er hér sem sagt sú fyrsta sem sleppir *hvort* algjörlega.

Að lokum má benda á að munurinn á *hvor* og *hver* er ekki alltaf skýr hjá Íslendingum sjálfum. Svo er til fyrirbærið í talmáli að nota *hver* í stað fyrir *hvor*. Eins og er telst þetta afbrigði þó ekki vera vandað mál, en hér verði ekki fjallað nánar um það.

3.3 *hvor tveggja*

3.3.1 Beyging

Fornafnið *hvor tveggja* er sett saman af tveimur orðum, *hvor*, sem beygist, og *tveggja* sem breytist hins vegar yfirleitt ekki. Það er eignarfallsmynd töluorðsins *tveir* og stýrist af *hvor* (fallorði).

		KK	KVK	HVK
et.	nf.	hvor tveggja	hvor tveggja	hvort tveggja
	þf.	hvorn tveggja	hvora tveggja	hvort tveggja
	þgf.	hvorum tveggja	hvorri tveggja	hvoru tveggja
	ef.	hvors tveggja	hvorrar tveggja	hvors tveggja
ft.	nf.	hvorir tveggja	hvorar tveggja	hvor tveggja
	þf.	hvora tveggja	hvorar tveggja	hvor tveggja
	þgf.	hvorum tveggja	hvorum tveggja	hvorum tveggja
	ef.	hvorra tveggja	hvorra tveggja	hvorra tveggja

Tafla 9: Beyging fornafnsins hvor tveggja

Eldri beygingarmynd orðsins er þessi, sbr. Katrínu Axelsdóttur (2005:106).

		KK	KVK	HVK
et.	nf.	hvortveggi	hvortveggja	hvorttveggja
	þf.	hvortveggja	hvoratveggju	hvorttveggja
	þgf.	hvorumtveggja	hvorritveggju	hvorutveggja

	ef.	hvorstveggja	hvorartveggju	hvorstveggja
ft.	nf.	hvorirtveggju	hvorartveggju	hvertveggju
	þf.	hvoratveggju	hvorartveggju	hvertveggju
	þgf.	hvorumtveggju	hvorumtveggju	hvorumtveggju
	ef.	hvorratveggju	hvorratveggju	hvorratveggju

Tafla 10: Beyging *hvertveggi*

Beyging *hvertveggi* er hér einungis til að sýna heildarmyndina en hún er sjaldan notuð í nútímaíslensku enda bregður henni aðeins fyrir í formlegu eða hátíðlegu máli en það gerist þó ekki oft.¹³ Langflest dæmi sem finnast á Netinu eru að minnsta kosti hundrað ára gömul (a.), þó ekki öll (b.):

- (43) a. Nú er að segja frá Grími Þórhallssyni að hann réðst á móti Þorgeiri og áttust þeir lengi við því að *hvertveggi* þeirra var hraustur maður.¹⁴
- b. ... þótt *hvertveggi* flutningurinn væri gjörður mun ódýrari en vér höfum átt að venjast ...¹⁵

Hér verður einnig að nefna myndina *hvorutveggja* sem er óbeygð og kemur sérstaklega fyrir í talmáli eða óformlegu ritmáli¹⁶. Samt ætla ég að sleppa því að fjalla nánar um hana og ætla í stað þess að einbeita mér að fyrri myndinni (Tafla 9).

3.3.2 Notkun

Hvor tveggja (stundum ritað *hvertveggja*) er óákveðið fornafn sem getur verið sérstætt og hliðstætt. Þegar það er notað hliðstætt hegðar það sér líkt og *hvor*. Nafnorðið sem stendur á eftir er með greini. Liðurinn *tveggja* stendur beint á undan nafnorðinu. Fleirtalan er eingöngu notuð með fleirtölunafnorðum (sjá 3.4) þótt Höskuldur Þráinsson (2005:89) geti líka óbeygðu myndarinnar *hvertveggja* (dæmi c.):

¹³ Hið sama kemur fram hjá Magneu Magnúsdóttur (1974:7).

¹⁴ Úr *Grettis sögu* (1985:1020)

¹⁵ <http://www.vegagerdin.is/um-vegagerdina/sagan/sogulegar-upplýsingar/1891/nr/5326>

¹⁶ <http://jonpall.blog.is/blog/jonpall/entry/1357018/>: Er Gunnar Bragi; heimskur, lygin [*sic*] eða kannski hvoru tveggja?

- (44) a. *Hvor tveggja* jeppinn hefur keyrt Kjöl.
b. Ég tók *hvorar tveggja* buxurnar með mér.
c. Það stóðu verðir í *hvortveggja* dyrunum.

Höskuldur Þráinsson (2005:90) segir enn fremur að líka hægt sé að hafa eignarfallseinkunn með *hvor tveggja*. Athuga má sveigjanleika liðarins *tveggja* sem má standa bæði fyrir og á eftir nafnorðinu eða fornafninu sem hann vísar til:

- (45) a. *hvor tveggja* mannanna
b. *hvor* mannanna *tveggja*
c. *hvor* þeirra *tveggja*
d. *hvor tveggja* þeirra

Algengasta notkun þessa fornafns er örugglega sú sérstæða í hvorugkyni eintölu (*hvort tveggja* eða *hvorttveggja*). Það er þá notað þegar um óhlutstæða eða óteljanlega hluti er að ræða, sem og um fleiri flokka af hlutum sem mega alveg vera í fleirtölu.

- (46) a. Það var kaffi og te í boði. *Hvort tveggja* var kalt. (óteljanlegt)
b. Hún spilar á gítar og á píanó, og gerir reyndar *hvort tveggja* vel. (óhlutstætt, „það að spila“)
c. Drekkurðu kaffið með mjólk eða sykri? – Helst með *hvoru tveggja*!
d. Sumir blogga með orðum, aðrir með myndum og margir með *hvoru tveggja*.¹⁷

Þar að auki getur *hvor tveggja* einnig staðið sem viðurlag. Stendur það þá í eintölu, en nafnorðið sem það vísar til stendur í fleirtölu og hefur engan greini með sér. Hægt er að nota *báðir* í staðinn (sjá 3.1.2 og 3.4), og reyndar er notkun *báðir* mun algengara en *hvor tveggja*.

- (47) a. Þeir eru *hvor tveggja* góðir strákar.
=
b. Þeir eru *báðir* góðir strákar.

¹⁷ <http://www.640.is/is/frettir/viewComments/mar-bloggar-med-myndum>.

Samkvæmt ströngustu reglum og hefðum er þó ekki alltaf hægt að nota *báðir* og *hvor tveggja* hvort í annars stað. Um það verður rætt í 3.4.

3.3.3 Samanburður við þýsku

Fornafnið *beide* er merkilegt í ýmsum skilningi. Af merkingarfræðilegum ástæðum ætti orðið ekki að vera til í eintölu. Það er þó til í hvorugkyni eintölu, *beides*, sem er bein merkingaleg samsvörun við *hvort tveggja* en getur það einungis verið sérstætt. Einnig vantar eignarfallsmynd eintölu; beygingardæmið í heildinni er sem hér má sjá: Sjá nánar Engel (2004:321).

	Eintala			Fleirtala (enginn kynjamunur)		
	Karlkyn	Kvenkyn	Hvorugkyn	án greinis	með greini	
Nf.	-	-	beides	Nf.	beide	die beiden
Þf.	-	-	beides	Þf.	beide	die beiden
Þgf.	-	-	beidem	Þgf.	beiden	den beiden
Ef.	-	-	-	Ef.	beider	der beiden

Tafla 11: Beyging þýska fornafnsins *beide*

Vert er að athuga nokkur dæmi. Hér verður að nota fleirtölumyndir (sbr. dæmi (44)):

- (48) a. *Beide* Jeeps haben die Kjölur-Route befahren.
 b. Ich nahm *beide* Hosen mit.

Þar á móti verður að hafa eintölumyndirnar í þýsku ef *hvort tveggja* (og beygðar myndir þess) stendur sérstætt í íslensku (dæmi (46)):

- (49) a. Es gab Kaffee und Tee. *Beides* war kalt.
 b. Sie spielt Gitarre und Klavier, und *beides* sogar ziemlich gut.
 c. Trinkst du deinen Kaffee mit Milch oder mit Zucker? – Am liebsten mit *beidem*!
 d. Manche bloggen mit Worten, andere mit Bildern und viele mit *beidem*.

Í talmáli má heyra *beides* notað hliðstætt. Þetta á væntanlega uppruna sinn í öðrum óákveðnum fornöfnum sem eru notuð hliðstætt (dæmi a., vegna *jedes Mal*) í eintölu en telst samt ekki vera vandað mál:

- (50) a. ???*beides* Mal
b. *beide* Male

3.4 Merkingarmunurinn á *hvor*, *hver tveggja* og *báðir*

Segja má að merking *hver tveggja* og *báðir* sé frekar svipuð. Aðalmunurinn virðist vera sá að *hver tveggja* leggi meiri áherslu á einstaklinginn, en *báðir* frekar á heildina (tvenndina). Við notkunina þarf að athuga að *hver tveggja* og nafnorðið sem stendur hugsanlega með því eru í eintölu, nema um fleirtöluorð sé að ræða, en *báðir* og nafnorðið sem stendur með því eru í fleirtölu. Ekki er hægt að nota *báðir* með fleirtöluorði. Þessi munur hefur ekkert með merkingu að gera.

- (51) a. Ég hitti tvær konur og þekkti *hvora tveggja*.
b. Ég hitti tvær konur og þekkti *báðar*.
c. *Hvor tveggja* jeppinn hefur keyrt Kjöl.
d. *Báðir* jepparnir hafa keyrt Kjöl.
e. Jón Arnar fékk *hver tveggja* verðlaunin.
f. *Jón Arnar fékk *bæði* verðlaunin.
g. Siggi keypti *báðar* peysurnar og *hvorar tveggja* buxurnar.
h. *Siggi keypti *báðar* buxurnar.
i. Íslendingar og Svíar keppa í söngvakeppninni á laugardaginn og sigurvissan er mikil hjá *hvorum tveggja*/**báðum*.

Eins og fram hefur komið er ekki hægt að nota *báðir* með fleirtöluorðum, t.d. *buxur*, *skæri* og *dyr*. Sömuleiðis er ekki hægt að nota það með safnheitum, orðum eins og t.d. *mjólk* og *sykur*. Í slíkum tilfellum á að nota *hver tveggja*. Samt verður að geta þess að í tali þó nokkurra málhafa virðist *báðir* nánast einhaft. Þetta telst kannski ekki vandað mál en heyrir sífellt oftar, þannig að það er að sjá og bíða hvernig þetta fyrirbæri mun þroskast í framtíðinni. Hér eru nokkur dæmi nefnd:

- (52) a. *Hvorar tveggja* buxurnar eru fallegar.
 (?)*Báðar* buxurnar eru fallegar.
 b. Drekkurðu kaffið með mjólk eða sykri? – Helst með *hvoru tveggja!*
 ... ?Helst með *bæði!*

Í þessu samhengi má líka minnst á skemmtilegt dæmi um þennan rugling sem er víða þekkt. Þetta er tekið upp orðrétt og stafrétt:¹⁸

- (53) Frétti af konu sem var í Bónus í Borgarnesi um daginn. Hún var kominn á kassann og var með tvennt af einhverju sem kannski var óþarfi en segir svo eftir smá umhugsun við stúlku við afgreiðslukassann: “Ég ætla bara að fá *hvorutveggja*”. Stúlkan lítur á hana stórum augum og hváir. “Ég ætla bara að fá *hvorutveggja*” segir konan aftur. Aumingja stúlkan horfir hjálparvana í kringum sig og þá kallar stúlkan á næsta kassa og segir við hana: “Þetta þýðir *bæði*, ég lenti nefnilega líka í þessu um daginn”!

Hvor og *hvor tveggja* eru notuð á mjög svipaðan hátt eins og sjá má í dæmunum (54):

- (54) a. *Hvor (tveggja)* bróðirinn hefur ákveðin sérkenni.
 b. Sigga og Dísu fengu *báðar* sinn hlut. *Hvor (tveggja)* fékk bíl.

Sérstök notkun *hvor* er sú sem leggur áherslu á dreifingu hlutanna (þýsk samsvörun er *je / jewels*, sjá 3.2.3). Hér virðist þýskan gera meiri greinarmun en íslenskan. Það er alveg hægt að tjá slíkar setningar með *hvor tveggja* eða *báðir* en þá týnist áherslan á dreifingu. Athuga má einnig að staðan innan setningar er sveigjanlegust með *hvor*.

- (55) a. *Skipin* mega stunda veiðar í 250 daga á ári *hvort*.
 =
 b. *Hvort skip* má stunda veiðar í 250 daga á ári.
 =
 c. *Hvort tveggja skipið* má stunda veiðar í 250 daga á ári.
 =
 d. *Bæði skip(in)* mega stunda veiðar í 250 daga á ári.

¹⁸ <http://orgelleikarinn.blog.is/blog/orgelleikarinn/entry/320924/>

=

- e. *Skipin mega bæði stunda veiðar í 250 daga á ári.*
- en:
- f. **Skipin mega stunda veiðar í 250 daga á ári hvort tveggja.*
- g. **Skipin mega stunda veiðar í 250 daga á ári bæði.*

Setning (56) er þýðing á þýskri setningu *Die beiden Jungen bekamen ein Spielzeugauto*. Í þýskunni yrði hér ekki strax skýrt hvort það væri einn bíll á strák, þ.e.a.s. tveir bílar allt saman, eða einn bíll sem strákarnir tveir þurfa að skipta sín á milli. Það þýðir að þýðing úr þýsku *gæti* valdið tvíræðni. Til að gera mismuninn skýran notar þýska oft atviksorðið *jeweils* (eða *je*), sem táknar dreifingu hluta á mann (Ath. að notkun *jeweils* er ekki takmörkuð við þessa notkun, en ekki á að fjalla nánar um þetta hér). Íslenska notar hér helst fornöfnin *hver* og *hver*.

- (56) a. *Hvor strákurinn fékk leikfangabíl.*
=
- b. *Strákarnir fengu hvor leikfangabíl.*
=
- c. *Strákarnir fengu leikfangabíl hvor.*
=
- d. *Hvor tveggja strákurinn fékk leikfangabíl.*
=
- e. *Báðir strákarnir fengu leikfangabíl.*
=
- f. *Strákarnir fengu báðir leikfangabíl.*

3.5 *hverugur*

Hvorugur er neitandi fornafn. Ólíkt *enginn* er notkun þess takmörkuð við neitun af tveimur.

3.5.1 Beyging

Beyging *hverugur* er hin sama og sterks beygðs lýsingarorðs.

		KK	KVK	HVK
et.	nf.	hvorugur	hvorug	hvorugt
	þf.	hvorugan	hvoruga	hvorugt
	þgf.	hvorugum	hvorugri	hvorugu
	ef.	hvorugs	hvorugar	hvorugs
ft.	nf.	hvorugir	hvorugar	hvorug
	þf.	hvoruga	hvorugar	hvorug
	þgf.	hvorugum	hvorugum	hvorugum
	ef.	hvorugra	hvorugra	hvorugra

Tafla 12: Beyging fornafnsins hvorugur

3.5.2 Notkun

Hægt er að nota *hvorugur* bæði hliðstætt og sérstætt. Ef það er hliðstætt er nafnorðið með greini, annaðhvort í sama falli og tölu eða í eignarfalli fleirtölu. Af merkingarfræðilegum ástæðum þykir vafasamt að hafa forsetningarlið á eftir (dæmi f.). Þetta er sambærilegt notkuninni á *báðir* (sjá 3.1.2). Í sérstæðri notkun vísar *hvorugur* til þess sem annaðhvort hefur verið nefnt áður eða stendur á eftir:

- (57) a. *Hvorug* rútan fer út á flugvöllinn.
 =
 b. *Hvorug* rútnanna fer út á flugvöllinn.
 c. *Hvorugar* dyrnar eru opnar.
 d. Ég skoðaði bæði hjólin en *hvorugt* var í lagi.
 e. Ég styð hvoruga, hvorki Dísu né Gunnu.
 f. ??Ég hringdi til beggja mannanna en *hvorugur af þeim* var við.

Staðan innan setningar er sveigjanleg og því ekki ólík fornafnsins *hvor* (sbr. 3.2.2). Tala sagnarinnar fer eftir nafnorðinu:¹⁹

¹⁹ Hjá Margréti Jónsdóttur (1990:157) kemur fram að Aðalsteinn Eyþórsson (1986) hafi fyrstur bent á þetta.

- (58) a. *Hvorugur* strákurinn gat hjálpað mér.
=
b. Strákarnir gátu *hverugur* hjálpað mér.

3.5.3 Samanburður við þýsku

Líkt og á undan á þýska hér enga beina samsvörun heldur. Lítum á dæmin í (58). Þar sem *hverugur* tekur alltaf með sér greini geri ég ráð fyrir því að það sé gott að hafa hann líka í þýsku (dæmi a. og b í (59)), þó það sé ekki endilega nauðsynlegt (c.). Tala sagnarinnar fer eftir fornafninu; í dæmunum á eftir er nafnorðið alltaf í fleirtölu en sagnorðið ýmist í eintölu (a.) eða fleirtölu (b. og c.). Mögulegar þýðingar eru *keiner der beiden*, *keiner von beiden*, *beide nicht* o. fl.:

- (59) a. *Keiner der beiden* Jungen konnte mir helfen.
=
b. **Die** Jungen konnten mir *beide nicht* helfen.
en líka
c. *Beide* Jungen konnten mir *nicht* helfen.

4. KAFLI

SAMANTEKT

Nú er komið að samantekt og samanburði. Fyrst á að geta þess að í umfangi þessarar ritgerðar var ekki hægt að ræða öll óákveðin fornöfn um tvenndir. Sleppt var *hvor annar*, *annar hvor*, *sitthvor* (eða *sinnhvor* eða *sínhvor*, hér eru fleiri orðmyndir til), og fleiri. Hér má sjá yfirlit yfir fornöfn sem fjallað var um með hliðsjón af helstu einkennum þeirra, sbr. Margréti Jónsdóttur (1990:165).

	gr.	nf.	ef.fl.	fs.liður	sögn
báðir	+ / (-)	+	+	-	flt.
hvor	-+	+	+	-	oftast et.
hvor tveggja	+	+	+	-	oftast et.
hvorugur	+	+	+	?-	oftast et.

Tafla 13: Helstu einkenni óákveðinna tvenndarfornafna í íslensku

Þar sem þýska á bara eitt óákveðið fornafn um tvenndir, *beide*, segir greiningin samkvæmt fyrri töflu okkur tiltölulega lítið um notkunina í þýsku. Hún sé samt sett up til að sýna heildina:

	gr.	nf.	ef.fl.	fs.liður	sögn
beide	+ / -	+	-	-	et. / flt.

Tafla 14: Einkenni óákveðna tvenndarfornafnsins beide, miðað við íslensku

Samt skipta önnur atriði meira máli, eins og eftirfarandi tafla reynir að sýna:

	hliðstætt	sérstætt	ákv. gr.	óákv. gr.	eignarfallsmynd	með fornafni
beide	+	+	+ / -	--- ²⁰	+	+

²⁰ Óákveðinn greinir er ekki til í fleirtölu.

beides - + - - - ?+

Tafla 15: Helstu einkenni óákveðinna tvenndarforanafna í þýsku

Þessi tafla sem byggist á Engel (2004:321) sýnir að eintölumyndin, *beides*, er afar ósveigjanleg miðað við fleirtölu sem minnir frekar á íslenska fornafnið *báðir*. *Beides* er alltaf notað sérstætt (a.) og getur einungis haft annað fornafn með sér ef þau standa ekki saman (b.), nema í spurnarsetningum vegna breyttrar orðaraðar (c.):

- (60) a. Sie spielt Gitarre und Klavier, und *beides* sogar ziemlich gut.
 b. *Das* ist doch *beides* Unsinn!
 c. Ist *das beides* gleich teuer?
 d. **Das beides* geht mich nichts an.

Til samanburðar eru hér íslensku fornöfnin sem ég fjallaði um:

	hliðstætt	sérstætt	ákv. gr.	óákv. gr. ²¹	eignarfallsmynd	með fornafni
báðir	+	+	+ / (-)	---	+	+
hvor	+	+	+	---	+	-
hver tveggja	+	+	+	---	+	-
hverugur	+	+	+	---	+	-

Tafla 16: Einkenni óákveðnu tvenndarforanafnanna, miðað við þýsku

Þessar töflur sýna aðallega að enda þótt íslenska og þýska séu tiltölulega náskyld tungumál er mikill munur á málkerfum þeirra. Þetta á fyrst og fremst við um fallbeygingu sem er miklu minni í þýsku. Sem dæmi má nefna *beides* í eintölu sem er bara til í hvorugkyni og á ekki eignarfallsmynd en fleiri dæmi eru *einer* (engin eignarfallsmynd) og *man* (engin aukaföll), svo eitthvað sé nefnt. Þessi niðurstaða kemur líklega ekki mikið á óvart enda valdi ég fyrirbæri sem einkennir sérstaklega íslensku og var ritgerðin aðallega samin út frá íslensku. Þessi áhugaverða staða og staðreyndin að bæði kennslubækur fyrir útlendinga og fræðirit um íslensku fjalla yfirleitt bara mjög knappt um þessi fornöfn þótti mér næg ástæða til að fást aðeins dýpra við þau. Ég vona

²¹ Óákveðinn greinir er ekki til í íslensku.

að þetta yfirlit geti útskýrt efnið aðeins betur og ítarlegar fyrir þá íslenskunema – og sérstaklega þýskumælandi – sem langar að kynna sér það.

HEIMILDASKRÁ

- Aðalsteinn Eyþórsson. 1986. *Um óákveðin fornöfn*. Lokaverkefni til BA-prófs í íslensku. Varðveitt á Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni.
- Allan, Robin, Philip Holmes og Tom Lundskær-Nielsen. 1995. *Danish. A Comprehensive Grammar*. Routledge, London.
- Ásta Svavarsdóttir og Margrét Jónsdóttir. 1998. *Íslenska fyrir útlendinga. Kennslubók í málfræði*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Íslensk orðhlutafræði. Kennslukver handa nemendum á háskólastigi*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Engel, Ulrich. 2004. *Deutsche Grammatik*. Iudicium Verlag, München.
- Friðrik Magnússon. 1984. Um innri gerð nafnliða. Íslenskt mál og almenn málfræði 6, bls. 81–109.
- Grettis saga*. 1985. Í *Íslendinga sögur I*. Örnólfur Thorsson (umsjón). Svart á Hvítu. Reykjavík.
- Helgi Guðmundsson. 1972. *The Pronominal Dual in Icelandic*. Institute of Nordic Linguistics, Reykjavík.
- Holmes, Philip og Ian Hinchliffe. 1994. *Swedish. A Comprehensive Grammar*. Routledge, London.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar*. Almenna bókafélagið, Reykjavík. *Íslensk tunga III*.
- Höskuldur Þráinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lón Jacobsen og Zakaris Svabo Hansen. 2012. *Faroese. An Overview and Reference Grammar*. Fróðskapur og Málvísindastofnun Háskóla Íslands. Tórshavn og Reykjavík.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2005. Merkingarflokkar nafnliða og sagna. Í: Höskuldur Þráinsson. *Setningar*. Bls. 435–498. Almenna bókafélagið, Reykjavík. *Íslensk tunga III*.
- Katrín Axelsdóttir. 2005. Beyging *hvortveggi* og *hvorttveggja* í tímans rás. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 27, bls. 103–170.
- Kress, Bruno. 1982. *Isländische Grammatik*. VEB Verlag, Leipzig.
- Magnea Magnúsdóttir. 1974. Óákveðna fornafnið *hvor tveggja*: beyging þess og notkun í nútímamáli. Lokaverkefni til BA-prófs í íslensku. Varðveitt á Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni.

Margrét Jónsdóttir. 1990. On Indefinite Pronouns in Icelandic. Í: *Papers from the Twelfth Scandinavian Conference of Linguistics*, Reykjavík, June 14-16, 1990. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Margrét Jónsdóttir. *Um fornöfn og ýmsa staðgengla*. Kennslukver fyrir útlendinga. Handrit. Óútgefið.

Young, G. V. C. og Cynthia R. Clewer. 1985. *Føroysk-ensk orðabók*. Føroya Fróðskaparfelag. Tórshavn.

Vefrit:

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls: <http://bin.arnastofnun.is>

Duden. Deutsche Grammatik. www.duden.de

Online Etymology Dictionary: <http://www.etymonline.com/index.php>

Svenska Akademiens Ordbok: <http://g3.spraakdata.gu.se/saob>

Vísindavefurinn: <http://www.visindavefur.is>